

Nd.

384. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum um bjargráðasjóð Íslands, nr. 45, 10. nóv. 1913.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir haft mál þetta allengi til meðferðar og hefir hún leitað álits stjórnar bjargráðasjóðs Íslands um málið. Var svar bjargráðasjóðsstjórnarinnar á þá leið, að hún ræður frá stórvægilegum breytingum á lögnum að svo stöddu, en felst hinsvegar á, að sett sju ákvæði inn í lögin, sem heimili

bjargráðasjóðsstjórninni að lána úr sjóðnum til fódurbirgðafjelaga eða annara slíkra stofnana, er hafa það markmið að bæta fódrun og tryggja búfje fyrir fódurskortu eða koma í veg fyrir hallæri.

Eins og öll tilhögun og skipulag bjargráðasjóðsins nú er, þá er ekki hægt eða heimilt að gripa til sjóðsins fyrir en óáran eða hallæri er á dunið og allt komið í voða, en slík hjálp, þegar svo er komið, getur í fjölda mörgum tilfellum alls ekki náð tilgangi sínum.

Hitt er áreiðanlega miklu raunhæfara, að snúa sjer að þeirri hlið bjargráðastarfseminnar að gera ráðstafanir til þess að fyrirbyggja hallæri, t. d. með því að lána fje úr sjóðnum til að koma á fót fódurbirgðafjelögum, forðabúrum eða öðrum fjelögum eða stofnunum, er hafa það að markmiði að koma í veg fyrir hallæri. Breyting sú, sem farið er fram á í þessu frv. að gerð sje á bjargráðasjóðslögunum, stefnir einmitt í þessa átt.

Í 3. og 4. gr. frumvarpsins eru ákvæði um að tryggja hverju bæjar- og sýslufjelagi yfirráða og notarjett þess fjár, er bæjar- eða sýslufjelagið leggur árlega í sjóðinn, ásamt jafnhárru upphæð af landssjóðstillaginu. Þessum ákvæðum frumvarpsins hefir stjórn bjargráðasjóðsins, eins og áður er sagt, heldur lagst á móti, og varð það að samkomulagi í nefndinni að leggja það til að fella þessi ákvæði niður og láta sitja við þá almennu lánsheimild úr sjóðnum, sem um getur í 2. gr.

Háttv. þm. Dalam. hefir flutt brtt. við frumvarp þetta, og hefir nefndin tekið þær til greina í tillögum sínum um breytingar á frv.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 11. gr. komi ný grein, er verður 12. gr., svo hljóðandi:

Meðan sýslunefndir eða bæjarstjórnir hafa ekki gert samþykktir þær, sem um ræðir í 11. gr., heimilast bjargráðasjóðsstjórninni að veita lán af árlegum tekjum sjóðsins, að vöxtum undanskildum, fódurbirgðafjelögum, forðabúrum, svo og öðrum löggiltum fjelögum eða stofnunum, er hafa það eitt að markmiði að koma í veg fyrir hallæri.

Um lánveitingar þessar ganga þau sveitarfjelög fyrir, sem hættast er við samgönguteppu að vetrinum vegna ísa eða snjóþyngsla.

2. Við 3. og 4. gr. Greinarnar falli niður.

Alþingi, 16. apríl 1923.

Stefán Stefánsson, Pjetur Ottesen,
form. skrifari og frsm.

Pjetur Þórðarson. Þórarinn Jónsson. Björn Hallsson.